

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frá 14. mars 2003 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

Gjört í Reykjavík, 14. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 15. mars 2003 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frestað hinn 15. mars 2003.

Forsætisráðuneytinu, 17. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.